



HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Vegmúla 3 150 Reykjavík
sími: 545 8700 bréfasími: 551 9165
postur@htr.stjr.is
www.heilbrigdisraduneyti.is

Heilbrigðisstofnunin Siglufirði
Konráð Karl Baldvinsson,
framkvæmdastjóri
Pósthólf 209
580 SIGLUFJÖRÐUR

Reykjavík 18. maí 2006
Tilv.: HTR03010224/15941

Efni: Verkáætlun vegna framkvæmda við Heilbrigðisstofnun á Siglufirði

Vegna umræðna undanfarið um ofangreindar framkvæmdir vill heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra upplýsa eftirfarandi:

- Nú standa yfir framkvæmdir við fyrri áfanga endurbóta á Sjúkrahúsinu á Siglufirði og eru verklok fyrirhuguð um miðjan júlí á þessu ári.
- Hönnun á viðbyggingu fyrir heilsugæslustöð stendur yfir. Til að flýta byggingaframkvæmdum við húsið verða jarðvegsskipti í grunni boðin út nú í maí.
- Áætlað er að fullnaðarhönnun og gerð útboðsgagna vegna viðbyggingarinnar verði lokið í lok september nk. Verkið verður boðið út strax í framhaldi af því. Eftir útboð og gerð verksamnings hefjast framkvæmdir. Verktími þessa verks verður til mars / apríl 2008 og verður verkið þá fullbúið og með frágenginni lóð.
- Þegar hönnun viðbyggingar verður lokið hefst hönnun á 2. áfanga endurbóta á núverandi húsi. Samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að framkvæmdaáætlun fyrir árin 2006 til 2012 er gert ráð fyrir að þetta verk verði boðið út snemma árs 2008 og því lokið á sama ári.

Siv Friðleifsdóttir